

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 10/2002**

**frá 1. febrúar 2002**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/1999 frá 17. desember 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/256/EB frá 15. nóvember 2000 um gæðatryggingu lögboðinnar endurskoðunar í Evrópusambandinu: lágmarkskröfur<sup>(2)</sup> skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við 10. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2137/85) í XXII. viðauka við samninginn:

*„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*

11. **32001 H 0256:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/256/EB frá 15. nóvember 2000 um gæðatryggingu lögboðinnar endurskoðunar í Evrópusambandinu: lágmarkskröfur (Stjtið. EB L 91, 31.3.2001, bls. 91).“

*2. gr.*

Texti tilmæla 2001/256/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 16 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 206.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 91, 31.3.2001, bls. 91.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. febrúar 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.